



HAFNARFJÖRÐUR

Fundur Öldungaráðs 2.október kl. 14.30

Mættir:

Gylfi Ingvarsson, Valgerður Sigurðardóttir form, Þórdís B. Kristinsdóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir og Þórarinn Þórhallsson.

Dagskrá:

1. Umsögn um starfsleyfi Sinnum ehf.

Öldungaráð gefur jákvæða umsögn um starfsleyfi til Sinnum.

2. Umræða um fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Fundur í fjölskylduráði 3. október um fjárhagsáætlun en þangað er boðið til umræðu tveim fulltrúum úr Öldungaráði. Ráðið leggur áherslu á eftirfarandi í málefnum eldri borgara í Hafnarfirði.

Greinargerð: Hafnarfjörður hefur um langt árabíll verið í forystu þeirra sveitarfélaga sem lagt hafa ríka áherslu á velferð eldri borgara. Þar hefur meðal annars metnaður verið lagður í heimaþjónustu til að gera íbúum það mögulegt að búa sem lengst heima. Á tómskundastarf er litið sem forvörn fyrir bættu heilsufari og hefur öll aðstaða til slíkrar ástundunar verið til fyrirmyndar. Um langt árabíll hefur íbúum í bænum verið gefin kostur á að búa í íbúðum þar sem Hafnarfjarðarbær hefur verið eigandi að hluta húsanna þar sem aðstaða hefur verið fyrir hendi til afþreyingar og sameiginlegs mótuneytis. Þá hefur Hafnarfjarðarbær leigt húsnæði að Flatahrauni 3 fyrir miðlæga starfsemi félags eldri borgara í bænum en þangað eru gestakomur að meðaltali um 100 á dag. Fjölbreytni er mikil í vali tómskunda en áhugi félagsmanna liggur víða og koma á hverju hausti fram hugmyndir um aukid úrval í þeim efnum. Við vinnslu dagskrár fyrir árið 2018-2019 var vandað mjög til verka sem fyrr og var sú dagskrá lögð óbreytt fyrir komandi starfsár. Öldungaráð vill við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 leggja áherslu á stefnumótun í málefnum eldri borgara í bænum og kemur það til vegna fjölgunar á íbúum í bæjarfélaginu. Í síðustu viku var haldið málþing í samstarfi eldri borgara og Ástjarnarsóknar en kirkjan þar hefur staðið fyrir starfi eldri borgara á Völlum. Málþingið skilaði því sem til var ætlað og var vel sótt en þar var fjallað um þau málefni sem brenna á aldurhópnum sem eru tekjutengingar o.fl. Eins og fram hefur komið hefur félagsstarfið farið fram á þremur stöðum í bænum þar sem starfsfólk Hraunsels hefur séð um allt utan umhald með miklum sóma. Í félagi eldri borgara í Hafnarfirði eru nú í kringum 1800 manns og hefur við kynningar á öllu starfi innan félagsins verið horft til þess að við þróun og uppbyggingu hverfa í bænum yrði þess gætt að þeim sem þar búa gætu notið tómskunda í sínu nærumhverfi. Nú á síðustu dögum hefur Öldungaráði og stjórn félags eldri borgara borist það til eyrna að aðrar áherslu séu í farvatninu á starfsemi og er því



HAFNARFJÖRÐUR

Þessi fundur kærkomin þar sem við sem komum að málaflokknum í bænum höfum í ræðu og riti lagt alla áherslu á samráð og samvinnu til þess að velferð þeirra sem eldri eru fái sem best notið sín. Áherslu og umræðupunktur eru því:

- a. Stefnumótun í málefnum eldri borgara.
 - b. Fækkun félagsmiðstöðva? Ef til þess kemur þarf þá ekki að auka akstursþjónustu?
 - c. Stöðugildi í félags- og tómstundastarfi? Ráðning tómstundafulltrúa ?
 - d. Tengiliður á milli félags eldri borgara og Hafnarfjarðarbæjar?
 - e. Í umræðu um heimaþjónustu ber að uppfylla þjónustuþörf eldri borgara í heimahúsum, með því að auka kvöld- og helgarþjónustu.
 - f. Upplýsingafulltrúi eldri borgara í þjónustuveri.
3. Brúkum bekkir.
- Í dag kl. 11 var verðlaunabekkurinn Vörður tekinn formlega í notkun og afhentur Hafnarfjarðarbæ. Vörður stendur á Langeyrarmölum og á vonandi eftir að koma mörgum að góðu gagni. Öldungaráð Hafnarfjarðar vill þakka öllum þeim sem að málum hafa komið, þó sérstaklega Gylfa Ingvarssyni fyrir hans dugnað og baráttu við að koma verkefninu í Höfn.
4. Önnur mál.
- Umræða um félags- og tómstundastarf eldri borgara í Hafnarfirði.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt af fundarmönnum.
Fleira ekki gert og fundi slitið 16.07.